

Skólaráðsfundur

23. janúar 2018 kl. 16:15 á Veitingastaðnum Hrauninu.

Mættir voru : Hilmar Már Arason, Elfa Eydal Ármannsdóttir, Rósa Erlendsdóttir, Vilborg Lilja Stefánsdóttir, Margrét Gróa Helgadóttir, Guðný Jakobsdóttir, Laufey Helga Árnadóttir, Ingibjörg K. Kristjánsdóttir, Lovísa Lin Traustadóttir, Sæbjörg Jóhannesdóttir, Söldís Fannberg Þórsdóttir, Jóhanna Magnea Guðjónsdóttir, Auður Sigurjónsdóttir, Gunnsteinn Sigurðsson og Sigrún Erla Sveinsdóttir.

Dagskrá fundarins:

1. Kynning
2. Fréttir úr skólstarfinu
3. Niðurstöður sjálfsmats 2016 – 2017 og úrbótaáætlun
4. Útkoma skólans úr samræmdum prófum
5. Læsi
6. Skóladagatal 2018 -2019
7. Önnur mál

1. Kynning

Skólastjóri bauð fundamenn velkomna og ræddi það að næsta haust skyldi stefnt að því að hafa þennan fund á haustmánuðum.

30 kennarar

31 almennir starfsmenn

7 stjórnendur



Fjöldi nemenda í Grunnskóla Snæfellsbæjar 14.01.2018

Lýsa	Bekkir	Fjöldi	Umsjónark.	
	Leisk.	8	1	
	1.		1	
	2.	2		
	3.	1		
	4.	3		
	5.			
	6.	2	1	
	7.			
	8.	3		
	9.	3		
	10.	3		
	St	25	3	
Hellissandur				
	1.	26	2	
	2.	26	2	
	3.	21	1	
	4.	12	1	
	St	85	6	
Ólafsvík				
	5.	21	1	
	6.	14	1	
	7.	28	2	63
	8.	21	1	
	9.	23	1	
	10.	21	1	65
	St	128	7	
Samtals		238	16	

• Skólastjórn (8)

Hilmar Már Arason, skólastjóri
Elfa E. Ármannsdóttir, aðstoðarskólastjóri
Vilborg Lilja Stefánsdóttir, deildarstjóri Ólafsvík
Rósa Erlendsdóttir, deildarstjóri í Lýssk.
Hugrún Elísdóttir, verkefnastjóri í UT
Margrét Gróa Helgadóttir, verkefnastjóri sérverkefna
Katrín Elísdóttir, verkefnastjóri stoðþjónustu
Kristjana Árnadóttir, ritari

• Skólaráð (10)

Hilmar Már Arason
Elfa E. Ármannsdóttir

Laufey Helga Árnadóttir (foreldri barns á Hellissandi)
Guðný Jakobsdóttir (foreldri frá Lýsuhólsskóla)
Ingibjörg K Kristjánsdóttir (foreldri í Ólafsvík)
Guðrún Jenný Sigurðardóttir (kennari Ólafsvík)
Sóley Jónsdóttir (kennari Hellissandi)
Dagbjört Hjartardóttir (fulltrúi alm. starfsfólks)
Sæbjörg Jóhannesdóttir, fulltrúi nemenda
Lovísa Lín Traustadóttir, fulltrúi nemenda

• **Foreldrafélög (8)**

Þeir sem skipa stjórn foreldrafélagsins norðan heiðar eru:

Auður Sigurjónsdóttir
Gunnsteinn Sigurðsson
Kristín Arnfjörð Sigurðardóttir

Rakel Ósk Gunnarsdóttir
Sigrún Erla Sveinsdóttir

Stjórn foreldrafélagsins sunnan heiðar skipa:

Þórunn Hilma Svavarsdóttir

Laila Bertilsdóttir

Ragnhildur Sigurðardóttir

• **Nemendaráð (4)**

Fulltrúar nemenda í nemendaráði skólaárið 2017-2018 eru:

8. bekk: Kristinn Freyr Sveinbjörnsson, Kristján Páll Bjarnason og Kristján Egilsson.

9. bekk: Nikolina Kuczynska og Wiktoria Siemaszko.

10. bekk: Sæbjörg Jóhannesdóttir, Júlía Rós Kapszukiewicz, Lovísa Lín Traustadóttir og Mýra Jóhannesdóttir.

- Formaður: Sæbjörg Jóhannesdóttir. Ritari: Lovísa Lín Traustadóttir

Lýs. sk.: Björn Ástvar 10. b., Sóldís 10. b., Jóhanna 9. b. og Sigurbjörn 8. b.

- Formaður: Sóldís Fannberg Þórsdóttir 10. bekk. Ritari: Jóhanna Magnea Guðjónsdóttir 9. b.

2. Fréttir úr skólstarfinu

- Stýrihópur félags Áttthagastofu Snæfellsbæjar ánaðnaði skólanum ávísun upp á 100 heimsóknir með móttöku og leiðsögn um Sjóminjasafnið á Hellissandi.
- Notuðum góða veðrið í desember og janúar til að fara með nemendur á skauta. 2.-4., 6. Bekk og alla nemendur í Lýs.sk.
- Við erum að safna skautum – allir skautar vel þegnir sem kunna að leynast í geymslum og bílskúrum.
- Hin árlega Bókaveisla 10. bekkjar fór fram í Klifi 6. desember síðastliðinn.
- Bein útsending frá Jólatónleikum nemenda Tónlistarskóla Snæfellsbæjar, Lýsuhólsskóladeild, 20. desember .
- Þetta var í annað sinn sem við héldum úti útvarpi í aðdraganda jóla. Við sendum út á tíðninni 103,5 frá þriðjudeginum 12.12. til föstudagsins 15.12. Hægt var að hlusta á útvarpið á netinu.
- Leikskólinn var með þátt, Smiðjan, fyrrverandi nemandi – allir velkomnir.
- Danskennsla í öllum bekkjum í sept. og jan. norðan heiðar og í febr. sunnan heiðar.
- Í umræðunni samstarf við Tónlistarskólann norðan heiðar, næsta skólaár
- Bland í poka - Snillismiðjan Þetta skólaár erum við að höfða meir til sjálfstæði og ábyrgðar nemenda í 5.-10. bekk með því að bjóða þeim upp á viðfangsefni sem við köllum Bland í poka. Í þessu námi velja þau sér viðfangsefni sem höfðar til þeirra,

koma með hugmynd um hvernig þau vilja vinna að þeirri hugmynd, halda dagbók á meðan ferlinu stendur og kynna svo afurðina að lokum. Afurðin og dagbókin eru höfð til hliðsjónar þegar námsmat fer fram.

- Símenntun – Skóli sem lærir

Það helsta:

✓ Læsi í samfellu skólastiganna.- Lestrarnámsferlið í víðtækri merkingu. Ráðstefna sem FSSF stóð fyrir í haust fyrir starfsfólk grunn- og leikskóla.

✓ Teymiskennsla - Þórhildur Helga Þorleifsdóttir, kennsluráðgjafi.

✓ Læsi og læsisstefnur. Læsiráðgjafar frá MMS – Guðbjörg Rut Þórisdóttir og Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir.

✓ Læsi tvítyngdra nemenda, ráðgjafi frá MMS – Hulda Karen Daníelsdóttir.

✓ Sjö venjur til árangurs– Inga Stefánsdóttir og Sigurður Ragnarsson sálfræðingar. ✓ Örnámskeið um málþroska barna

✓ Fundur um orð af orði/orðaforði

✓ Örnámskeið í upplýsinga- og tæknimennt:

- kynning á Office 365 –

- tækninýjungar í skólastarfi.

✓ Er í bígerð örnámskeið fyrir foreldra og starfsfólk um lesblindu, Office 365 og google umhverfið.

Auk þessa má geta þess að við erum þátttakendur í starfsþróun stærðfræðileiðtoga með leiðsögn kennara frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

Þrír kennarar eru í framhaldsnámi á háskólastigi og tveir aðrir að sækja sér starfsréttindi. Jafnframt er starfsfólk skólans duglegt að sækja fundi, námskeið og ráðstefnur til að styrkja sig í starfi og efla tengslanet sín.

- Breytingar á mötuneyti
- Frí ritföng
- Engar hækkanir á gjaldskrá

3. Niðurstöður sjálfsmats 2016 -2017 og úrbótaáætlun

- Sjálfsmatsskýrsla gefin út á hverju ári
 - Aðferð
 - Langtímaáætlun
 - Niðurstöður
 - Úrbótaáætlun
- Á heimasíðu: <https://www.gsnb.is/sjalfsmat>
- Úrbætur í kjölfar sjálfsmatsskýrslu, vorið 2017:
https://docs.google.com/document/d/1Abmn6ItMV4kCbCg9wX2Ie5Fc2ui_oVPnblRtAWTLw/edit#heading=h.gjdgxs

Næsta úttekt sjálfsmats verður 2020

4. Útkoma skólans úr samræmdum prófum

	4. vekkur		7. vekkur	
	Ísl. (12)	Stæ (13)	Ísl. (25)	Stæ (26)
0-20	2	5	5	5
20-30	2	0	4	7
90-100	0	1	2	1
<50	6	8	17	20
>50	6	5	8	6
Mt. rað.	47,9	37,6	40,6	36
Mt. ff.			3,2	3
Framfarir eru svipaðar og almennt gerist á landsvísu.				

Samantekt

✓ Í heildina má segja að niðurstöður úr samræmdu prófunum séu nokkuð sveiflukennar í öllum þremur árgöngunum og í öllum námsgreinunum.

✓ Út frá niðurstöðum í heild sinni má segja að skólinn kemur ekki illa út úr samræmdum prófum, er m.a. oft yfir eða við landsmeðaltal. Það sem er styrkleiki skólans er hve margir árgangar hækka sig á milli prófa.

✓ Það má greina þróun um slakari niðurstöður núna síðustu ár sem full ástæða er til að taka alvarlega og bregðast við.

Umbætur

Það sem við erum að gera:

✓ Skipa teymi í stærðfræði og læsi.

✓ Verið að kortleggja stöðuna í þessum tveimur greinum og semja stefnur

✓ Stærðfræðigögn gerð aðgengileg, stærðfræðiskápur og stærðfræðikassar.

✓ Bókasöfnin efla og opnunartími þeirra lengdur.

✓ Aðgengi að bókum bætt, bókaskápar á göngum á Lýsu og í Ólafsvík. Lestrarhöllin á Hellissandi.

✓ Átök í læsi.

✓ Kennarar í 1.-7. bekk með réttindi í Pals og K pals.

✓ Þróunarskóli í innleiðingu lestrarprófa.

✓ Leikskólinn búinn að semja sér læsisstefnu.

✓ Samstarf við Bókasafn Snæfellsbæjar um sumarlestur.

✓ Tökum þátt í Stóru upplestrarkeppninni og lestrarátökum.

✓ Framsögn æfð/þjálfuð á árhátíðum, jólaskemmtunum og samkomum á sal.

✓ Nemendur lestrarprófaðir reglulega.

✓ Áhersla á teymiskennslu og stoðkennslan skipulögð um leið og stundataflan er gerð.

✓ Útvarp þar sem lögð var áhersla á framsögn.

✓ Fleira?

5. Læsi

- Öflugt teymi að störfum
- Erum að marka okkur stefnu
 - Fengum góða heimsókn frá MMS
- Lesa í skólanum og heima

– Norðan heiðar:

- 1.-4. bekk, daglega
- 5.-7. bekk, daglega heima, undir viðmiðum 6 sinnum, aðrir þrisvar í viku hjá umsjónarkennara
- 8.-10. bekk, þristur í skólanum, yndirlestur, misoft

– Sunnan heiðar:

- 1.-5. lesa daglega,
- 6.-10. lesa upphátt til skiptis í lesgreinum. Hafa verið í hraðlestri (þristur) og yndislestri 4-5 skóladaga í viku
- Prófað reglulega (lesfimi/lesferli)

Lesfimi

- Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjandi í lestri.
- Fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimi nemenda eflist lesskilningur jafnframt.



Lesfimipróf – viðmið

Tafla 1. Maíviðmið fyrir lesfimipróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.



Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Læsi

Fyrirlögn sept. 2017, Grunnskóli Snæfellsbæjar - Hellissandi



Fyrirlögn sept. 2017, Grunnskóli Snæfellsbæjar - Ólafsvík



6. Skóladagatal 2018 - 2019

- Vetrarfrí
- Skólasetning - skólaslit
- Foreldraviðtöl – heil vika/einn dagur
- Starfsdagar
- Árshátíðir
- 1.des (fyrsti í aðventu)
- Mikið um að vera næsta haust
 - Barnamenningarhátíð
 - 100 ára afmæli fullveldisins
 - Fjölmennningarhátíð (100 ár síðan Pólland var sjálfstætt, 11.11.)
 - Útvarp
- Gott að fá óskir/ábendingar um skóladagatalið núna í janúar

7. Önnur mál

- Mötuneyti: Fram kom að foreldrum finnst mikið keypt af tilbúnum mat, s.s. naggar og bollur.
- Ritfangakaup skólans urðu aðeins dýrari en áætlað var – alls 1,1 milljón.+
- Vinaliðaverkefni skólans: Bent var á að það er mikið um að sömu nemendurnir séu kosnir sem vinaliðar. Hinir nemendurnir leiðir yfir því að vera ekki kosin.

Tölum vel um skólann okkar, samstarfsfólk, nemendur. Ræðum af heilindum og kurteisi hvort við annað.

Það er í lagi að vera ósammála en við erum ekki andstæðingar

Það sem betur má fara setjum við í farveg.

Fleira ekki rätt.

Fundi slitið kl. 17:15

Elfa E. Ármannsdóttir,
fundarritari